

## 9. Stjórnarfundur í stjórn Alnæmisbarna 13.12. 2004

Haldinn í húsnæði Samorku, Suðurlandsbraut 48, Rvk.

Mætt: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Helga Tuliníus og María J: Gunnardóttir. Gestur fundarins var Gestur Gíslason. Fjarverandi: Erla Halldórsdóttir og Bjarni Reykr Kristjánsson

Efni fundarins.

\* Peningar voru sendir til Candel Light Foundation 2. des. sl. að upphæð 40 þús. ISK og að viðbættum kostnaði 2.800 kr, alls 42.800 kr. Það á að duga fyrir lyfjum í desember og skólaútskrift.

\* Farið yfir yfirlit frá Rosettu um fjárþörf fyrir starfseminu í Uganda. Ákveðið að Gestur hafi samband við hana og biði um nánari skýringar stjórninni til upplýsingar.

\* Gestur lagði fram skýrslu til Þróunarsamvinnustofnunar fyrir starfið í Uganda, sem hann hefur gert í samvinnu við Rosettu og verður það lagt inn til skrifstofunnar í Uganda fljótlega.

\* Zonta klúbburinn Embla mun styrkja Candel Light Foundation og starf Erlu með 200 þús.kr. eins og áður var tilkynnt. Félagið mun veita því viðtöku fyrir hönd Erlu. Ákveðið að boða til blaðamannafundar nk. fimmtudag kl. 11.30 með formanni Zonta og formanni Félags Alnæmisbarna.

\* Ákveðið að senda um 100 þús.kr. til Uganda fyrir áramót og á það að vera fyrir lyfjum fyrir 6 stúlkur í 3 mánuði og öðru sem þarf. Biðja Rosettu að gera grein fyrir í hvað peningarnir eru notaðir.

\* Huga þarf nánar að fjármálum og stefna á fastar greiðslur beint inn á reikninga í stað vísa/euro þar sem kostnaður á því síðastnefnda er of mikill. Núverandi inneign er 13.12. er 23.498 kr. Tilkynna þarf til Vísa í hverjum mánuði um fastar greiðslur og mun Gestur sjá um það.

\* Næsti fundur er 29. des. nk. kl. 12 á Eikarbar í Faxafeni.

ritari: María J. Gunnarsdóttir í fjarveru ritara.